

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um skaðabætur vegna myglu í skólahúsnæði**

Nú er það staðfest að fjölmargir hafa orðið illa úti vegna myglu og raka í skólabyggingum borgarinnar. Starfsfólk hefur hrökklast úr starfi vegna veikinda tengdum myglu og dæmi eru um að börn séu orðin langveik. Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur af þeim sökum til að þeim sem veikt hafa vegna myglu og raka í skólabyggingum Reykjavíkurborgar verði veittar skaðabætur t.d. í formi greiðslna á læknskostnaði og vinnutapi. Nefna má í þessu sambandi þrautagöngu Laugarnesskóla. Í mörg ár hafa nemendur og starfsfólk Laugarnesskóla unnið í heilsuspillandi starfsumhverfi vegna myglu, rakaskemmda og leka. Nemendur og starfsfólks hafa veikt, sum alvarlega. Hér er ekki um einsdæmi að ræða. Hávær hróp hafa borist lengi frá skólasamfélaginu vegna myglu og rakavanda í fjölmörgum skólum borgarinnar. Frá árinu 2018 hefur greinst mygla í yfir 30 skólahúsum sem tilheyra borgarreknum leik- og grunnskólum samkvæmt samantekt fréttastofu RÚV frá því í fyrra haust. Þá voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar heimaskóla vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við hátt í hundrað börn. Mörg þúsund börn verða fyrir raski á skólastarfi vegna myglu og raka. Skaðsemi og önnur áhrif af þessum vágesti sem mygla er hefur ekki verið rannsakað af borginni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskaði nýlega eftir upplýsingum um skilvirkni og viðbrögð við tilkynningum um myglu í skólabyggingum. Í svari er rakið ferlið sem fer af stað þegar grunur er um léleg loftgæði og slæma innivist. Það kerfi sýnist ágætt. Margir koma að og þá er vissulega alltaf spurning um skilvirkni. Talað er um teymi með ýmsum aðilum, mannauðsráðgjafa og Heilbrigðiseftirliti. Í svo alvarlegum málum hlýtur að þurfa að hafa yfirsýn og heildarmynd og að einhver einn haldi utan um verkið ef ekki á að enda í endalausum fundum sem jafnvel fátt kemur út úr.

Spurt var um hvort sérstaklega væri hlúð að börnum og starfsfólki vegna heilsufars og mats á heilsu vegna myglunnar. Því er svarað til að öllum starfsmönnum Reykjavíkurborgar í húsnæðinu stendur til boða að leita til trúnaðarlæknis. Flokkur fólksins vill sjá hér að hugað sé að þolendum þessara aðstæðna. Skólar eru fjölmennir vinnustaðir og börnin eru skólaskyld. Læknskostnað og kostnað vegna vinnutaps og aðrar afleiðingar þarf að meta og bæta upp með einhverjum hætti.